

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð stefnumótandi áætlunar ríkisins um málefni sveitarfélaga, nr. 1245/2018.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Ráðherra leggur fram á Alþingi á hverju kjörtímabili tillögu til þingsályktunar um stefnu ríkisins um málefni sveitarfélaga ásamt aðgerðaáætlun. Í henni skal mörkuð stefna fyrir næstu fimmtán ár og jafnframt tilgreindar sérstaklega þær aðgerðir sem ráðast skal í á fyrstu fimm árum gildistíma hennar. Ef forsendur stefnunnar breytast eða ef tilefni er til að öðru leyti leggur ráðherra fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um breytingu á stefnunni.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 6. mgr. 2. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, sbr. 10. gr. laga nr. 53/2018, tekur þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 3. júlí 2026.

F. h. r.

Ingilín Kristmannsdóttir.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

B deild - Útgáfudagur: 20. júlí 2026